

- **Tollflokkun spónaplatna**

Úrskurður nr. 7/1997

Ágreiningur í málinu stóð um tollflokkun á spónaplötum. Kærandi kvaðst hafa flokkað vöruna undir sama tollnúmer um árabíl. Í tollskrá er gerður munur á því hvort um er að ræða gólfklæðningu eða veggklæðningu, en kærandi hélt því fram að hægt væri að nota plöturnar bæði á gólf, vegg og loft. Tollstjóri taldi öll gögn frá seljanda vörunnar sýna að um gólfefni væri að ræða. Með hliðsjón af því staðfesti ríkistollanefnd ákvörðun tollstjóra.

Lög nr. 55/1987, 101. gr.

Í málinu var deilt um tollflokkun á spónaplötum. Með bréfi dags. 20. maí 1997 sem barst nefndinni 26. s.m. kærir A ehf., úrskurð tollstjórans á N frá 16. maí 1997. Í hinum kærða úrskurði úrskurðar tollstjóri að „ORKLA GULV EKSTRA N/F 4S“ notaðar spónaplötur skuli tollflokkast í tnr. 4410.1101. Kærandi krefst þess að varan verði flokkuð í tnr. 4410.1102 eins og hann hafi gert um árabíl.

Í bréfi kæranda til nefndarinnar kemur m.a. fram að varan, sem deilt er um tollflokkun á, sé aðallega ætluð til klæðninga ofan á gólfbita í einingahús og sumarhús. Hann kveðst hafa flutt vöru þessa inn allt frá árinu 1971 ásamt öðrum nótuðum spónaplötum og ávallt flokkað þær í tnr. 4410.1102. Varan hafi ávallt verið án gjalda, en við þessa breytingu beri hún 15% vörugjald. Kærandi heldur því fram að allar þessar plötur séu notaðar jafnt á gólf, vegg og loft, en þær beri sitt hvort heitið frá framleiðanda. Plöturnar séu með samskonar yfirborð og eru notaðar sem hráefni en séu ekki með endanlegt yfirborð. Kærandi telur að þessi breytta tollflokkun sé byggð á misskilningi og hún sé ekki viðhöfð annars staðar á landinu. Þá telur kærandi að það að lagt sé vörugjald á hráefni í einingahús eða sumarhús brjóti í bága við EFTA reglur þar sem vörugjald sé ekki lagt á þau við innflutning.

Í hinum kærða úrskurði kemur m.a. fram að tollstjóri telur fyrirliggjandi gögn og þá sérstaklega að vörureikningur og önnur gögn frá seljanda vörunnar sýni ljóslega að um gólfefni sé að ræða. Með hliðsjón af því úrskurðar tollstjóri að tollflokka beri vöru þessa í tnr. 4410.1101.

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra kærana til umsagnar með bréfi, dags. 29. maí 1997. Í kröfugerð ríkistollstjóra, dags. 2. júní s.l., er barst nefndinni þann 5. s.m. gerir ríkistollstjóri þá kröfu að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Vara sú sem deilt er um tollflokkun á, ORKLA GULV EKSTRA N/F 4S, eru viðarplötur (spónaplötur) gerðar úr viðarspæni og sagi. Plöturnar eru með fjöður og nót á öllum köntum. Þær eru einkum ætlaðar til klæðningar á gólfplötum, en samkvæmt upplýsingum framleiðanda eru plöturnar nothæfar sem veggja- og þakklæðning.

Í tollskrá er gerður greinarmunur á gólfklæðningu annars vegar og veggklæðningu hins vegar. Ekki verður annað séð af gögnum þeim er fylgdu kærinni en að ORKLA GULV EKSTRA N/F 4S séu plötur aðallega ætlaðar til klæðningar á gólfplötum. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að ORKLA GULV EKSTRA N/F 4S skuli tollflokkast í tnr. 4410.1101.